62
20. júní

Samþykkt

um

notkun vatns til áveitu og viðhald á skurðum í Sandvíkur-, Eyrarbakka- og Stokkseyrar-hreppum.

Amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturamtinu.

GJÖRIR KUNNUGT: Samkvæmt lögum 20. desbr. 1901, um samþykktir til varnar skemmdum af vatnaágangi, um vatnsveitingar og skurði, er hjermeð staðfest eptirfylgjandi

Samþykkt

um notkun vatns til áveitu og viðhald á skurðum í Sandvíkur-, Eyrarbakka- og Stokkseyrarhreppum, sem samin er af sýslunefndinni í Árnessýslu, og sem hjeraðsfundur hefur fallizt á, til þess að öðlast gildi 1. septbr. 1903.

1. gr.

Skurðir þeir, sem samþykkt þessi á sjerstaklega við, eru: Háeyrarskurður, Hraunsskurður, Markaskurður, Hrísmýrarskurður ásamt Stekkakeldu-skurðinum, Smádalakelduskurður, Bjarkarteigsskurður, Varnarskurður, Hrakdælaskurður og Balaskurður.

2. gr.

Hreppsnefndirnar í hreppum þeim, er samþykktin nær yfir, hafa umsjón með viðhaldi skurðanna og notkun vatnsins úr þeim, eptir því sem nánar verður kveðið á um í samþykkt þessari.

3. gr.

Á hverju sumri, laust fyrir sláttarbyrjun, skulu hreppsnefndirnar sjá um, að hlutaðeigendur skurðanna taki upp úr þeim allar stíflur, hver fyrir sínu landi á sinn eiginn kostnað, svo og alla lausa hnausa, er fallið hafa ofan í þá. — Jafnframt er bannað að gjöra brýr eða hlaða kampa undir þær, sem kunna að hindra greiða framrás vatnsins.

4. gr.

Skurðir þeir, sem taldir eru í 1. gr, svo og þeir, er síðar kunna að verða gjörðir, skulu 5. hvert ár teknir út af búfróðum manni, og skal Búnaðarfjelagi Íslands gefinn kostur á, að útnefna manninn, en að öðrum kosti útvega hreppsnefndirnar hann sjálfar. Skoðunarmaðurinn segir fyrir um, hvort og hvernig skurðirnir skulu bættir. Breidd og dýpt þeirra má eigi minni vera, en þegar þeir voru upphaflega gjörðir, nema sjerstakar ástæður mæli með því eða gjöri það ónauðsynlegt.

15. dag ágústmánaðar 1903.

Reykjavík. — Ísafoldarprentsmiðja.

62
20. júní

5. gr.

Kostnaðinum við skoðun skurðanna, svo og viðhald þeirra samkvæmt 4. gr., skulu hreppsnefndirnar jafna niður að hálfu leyti á þá, sem lönd eiga að skurðunum, en hinn helmingur kostnaðarins greiðist af sveitarsjóði.

6. gr.

Þegar þeir, er lönd eiga að skurðunum, vilja nota vatnið úr þeim til áveitu, þá hafa þeir, sem neðstir eru, rjett til, að stífla þá fyrst og svo hver af öðrum, sem ofar búa með þeim. Að öðru leyti ákveða hreppsnefndirnar í hverju einstöku tilfelli, hve lengi hver fyrir sig má halda vatninu, svo og hvenær byrja skuli að stífla.

7. gr.

Vanræki einhverjir að inna af hendi vinnu þá að viðhaldi skurðanna, sem hreppsnefndin fyrirskipar samkvæmt 3. gr., skal nefndin láta vinna verkið á kostnað hinna brotlegu. Endurgjald kostnaðarins má síðan taka lögtaki hjá hlutaðeigendum.

8. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 5 til 50 kr., er renna í sýslusjóð.

9. gr.

Mál þau, er rísa út af brotum gegn samþykkt þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Þetta er hjermeð kunngjört öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Suðuramtið, Reykjavík 20. júní 1903.
J. Havsteen.

63
25. júní

Heilbrigðissamþykkt

fyrir

Vestmannaeyjakauptún og sjóþorp.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Samþykktin gildir fyrir Vestmannaeyjar.

2. gr.

Sýslumaður er formaður heilbrigðisnefndarinnar. Auk hans eiga sæti í nefndinni einn maður er hreppsnefnd kýs til þriggja ára, og annar er sýslunefnd tilnefnir af íbúum kauptúnsins eða sjóþorpsins til jafnlangs tíma.

3. gr.

Formaður kveður nefndina á fund, þá er honum þykir þurfa eða hinir tveir nefndarmenn, eða hjeraðslæknir óskar þess, þó eigi sjaldnar en þrisvar á